



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**619. fundur stjórnar SSH
var haldinn í Hamraborg 9, mánudaginn 1. desember 2025
og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Heiða Björg Hilmisdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Jóhanna Hreinsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Valdimar Víðisson, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

Heiða Björg Hilmisdóttir formaður stjórnar tók sæti á fundinum og tók við stjórn hans.

1. Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks - 2511007

Umræður um málaflokk þjónustu við fatlað fólk og fjármögnun hennar. Fulltrúar frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga kynna þá vinnu sem stendur yfir og er fyrirhuguð hjá Sambandinu vegna þessa.

Gestir

Jón Björn Hákonarson formaður stjórnar Sambandsins.

Saga Guðmundsdóttir hagfræðingur á þróunarsviði Sambandsins

Arnar Þór Sævarsson framkvæmdastjóri Sambandsins.

Niðurstaða:

Umræður.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að senda erindi til stjórnar Sambandsins þar sem áréttuð skal nauðsyn þess að taka upp formlegar viðræður við ríkið um fjármögnun málaflokksins.

2. Efling hringrásar á höfuðborgarsvæðinu - 2509009

Fyrirliggjandi er tölvupóstur frá Reykjavíkurborg, dags. 23. september 2025, þar sem fram kemur að tillaga borgarstjóra, dags. 9. september 2025, varðandi skýrslu starfshóps um hringrásarhagkerfið á höfuðborgarsvæðinu og tillögur starfshópsins samþykkt. Tillögunum er nú vísað til viðeigandi fagsviða, fyrirtækja borgarinnar og byggðasamlaga til nánari útfærslu og innleiðingar.

Sú aðgerð sem sérstaklega er vísað til stjórnar SSH er svohljóðandi: "16. Fagræð tæknimanna sveitarfélaga: Að Reykjavíkurborg beini því til stjórnar SSH



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

að fagráð tæknimanna sveitarfélaga verði stofnað á vettvangi SSH sem verður falið að innleiða aðgerðaáætlun í átt að hringrásarhagkerfi og að fagráðið hafi verkefnisstjóra. Áætlaður kostnaður: Eitt starfsgildi hjá SSH".

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar og vísað til umræðu um mótun áhersluverkefna sóknaráætlunar 2026.

3. Sóknaráætlun - áhersluverkefni 2026 - 2511010

Ákvarða þarf fyrirkomulag og tímasetningu vinnufundar stjórnar vegna mótunar áhersluverkefna sóknaráætlunar árið 2026.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að boða til fundarins og er áætlað að hann fari fram 16. janúar nk.

4. Samþætting heimahjúkrunar og félagsþjónustu - 2511012

Í framhaldi af fundi stjórnar SSH með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins 1. september sl. hefur átt sér stað samtal um mögulega frekari samþættingu heimahjúkrunar og félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að boða og undirbúa fund með Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna þessa máls.

5. SI Útboðsþing 2026 - 2511009

SSH hefur undangengin ár tekið þátt í Útboðsþingi Samtaka iðnaðarins og fyrirliggjandi er tölvupóstur dags. 24. nóvember sl. með beiðni um þátttöku á þinginu 2026 en það verður haldið 20. janúar. Gert er ráð fyrir að skrifstofa SSH annist, í samráði við starfsfólk sveitarfélaganna, gagnaöflun vegna útboðsframkvæmda á vegum sveitarfélaganna, svo og kynningu á þinginu.

Niðurstaða:

Samþykkt

6. Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003

Fyrirliggjandi eru drög að viðauka við samstarfssamning sveitarfélaganna um svæðisbundið farsældarráð á höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstaða:

Samþykkt

7. Höfuðborgarstefna - 2011001

Fyrirliggjandi er tölvupóstur innviðaráðuneytisins þar sem óskað er eftir tilnefningu SSH á fulltrúa í framkvæmdahóp vegna aðgerðaáætlunar borgarstefnu. Þess er óskað að tilnefning berist eigi síðar en 10. desember nk.

Niðurstaða:



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH er tilnefndur sem fulltrúi SSH í framkvæmdahóp vegna aðgerðaráætlunar borgarstefnu.

8. Samráðshópur á sviði velferðarmála - fundargerðir - 2202013

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 3. september 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 1. október 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð samráðshóps á sviði velferðarmála dags. 5. nóvember 2025

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

9. Skíðasvæðin -Rekstur - 2205009

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 430. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 1. október 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 431. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 15. október 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 432. fundar samstarfsnefndar Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins dags. 19. nóvember 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

10. Samráðshópur um vatnsvernd og vatnsnýtingu á höfuðborgarsvæðinu - 1505001

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 54. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 24. september 2025.

Fyrirliggjandi til kynningar er fundargerð 55. fundar samráðshóps um vatnsvernd og nýtingu dags. 10. nóvember 2025.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar

11. Móttaka barna með fjölbreyttan menningarbakgrunn -Sóknaráætlun 2024 - 2404003

Fyrirliggjandi er áfangaskýrsla um móttöku barna með fjölbreyttan menningar- og tungumálabakgrunn. Hrönn Pétursdóttir kynnir helstu tillögur skýrslunnar.

Gestir

Hrönn Pétursdóttir ráðgjafi.

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Skýrslunni er vísað til umfjöllunar Skólamálanefndar SSH sem er falið að móta nánar útfærslu tillagna á grundvelli hennar.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:30.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026